BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI GRINDAVÍKUR 2018-2032 OG DEILISKIPULAG

Skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulagsbreytinga:

Aðgengi og þjónusta vegna eldsumbrota - land Hrauns

Aðgengi og þjónusta vegna eldsumbrota

Aðkoma sæstrengs / ljósleiðara

Nýtt hreinsivirki í Grindavík

Göngu- og hjólreiðarstígar í Grindavík

Skipulagslýsing vegna deiliskipulags í landi Hrauns og Ísólfsskála

11.05.2021

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR 3
1.1 Skipulagslýsing 3
1.2 Tilgangur og markmið 3
2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR 5
2.1 Skipulagssvæðið 5
2.2 Fornminjar 6
3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING 6
3.1 Landsskipulagsstefna 6
3.2 Gildandi aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032 og fyrirhugaðar breytingar 7
3.3 Deiliskipulag 10
4 MATSLÝSING 11
4.1 Matsskylda áætlunarinnar 11
4.2 Tengsl við aðrar áætlanir 12
4.3 Umhverfismatið 12
4.4 Valkostir 12
4.5 Umhverfisþættir og áherslur 13
5 KYNNING OG SAMRÁÐ 13
5.1 Umsagnaraðilar 14
5.2 Samráð 14
6 SKIPULAGSFERLI 15

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	2476-055

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir breytingum á Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 og nýs deiliskipulags sem gert verður til að skilgreina framkvæmdir sem fyrirhugað er að fara í landi Hrauns og Ísólfsskála til að bæta þjónustu og aðgengi að gosstöðvunum í Geldingadölum.

Einnig verður gerð breyting á aðalskipulagi vegna tilfærslu hreinsivirkis við Eyjabakka í Grindavík, legu sæstrengs/ljósleiðara og uppbyggingu göngu og reiðhjólastíga frá íbúðarsvæðunum vestast í Grindavík. Þar sem skipulagsbreytingarnar falla að einhverju leyti undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er einnig sett fram matslýsing.

Ekki liggur fyrir hvort aðalskipulagsbreytingarnar verða lagðar fram í einni sameiginlegri breytingu eða skipt upp í fleiri breytingar.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Þar sem framkvæmdir sem skipulagslýsingin tekur til eru tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, er hér einnig sett fram matslýsing og er hún unnin skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fjallar um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar þegar það á við.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum skipulagsbreytinganna og deiliskipulags.

1.2 Tilgangur og markmið

Þegar eldsumbrot hófust 19. mars 2021 í Fagradalsfjallskerfinu varð strax gríðarlegur áhugi hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum að fara að gosinu enda stutt frá þjóðvegum,

höfuðborgarsvæðinu og millilandaflugvelli landsins. Á fyrstu vikum var umferð að svæðinu og um svæðið stjórnlítil enda gífurlega margt fólk sem sóttist eftir því að berja gosið augum. Ráðist var í lágmarks framkvæmdir til að koma böndum á umferð og fyrst og fremst að auka öryggi þeirra sem um svæðið fara með gerð bráðabirgða bílastæða, gönguleiða og lágmarks þjónustu. Alveg óvíst er hversu lengi eldsumbrot munu halda áfram en mögulegt er að goshrina á Reykjanesi eigi eftir að standa yfir í tugi, jafnvel hundruð ár. Þó er ljóst að ferðamannastraumur á eftir að liggja að Geldingadölum jafnvel þótt hætti að gjósa þar sem nýtt hraun, gígar og jarðsaga svæðisins verða áhugaverð fyrir ferða- og vísindamenn um ókomin ár.

Vegna eldsumbrotanna og þess mikla aðdráttarafls sem eldgosið í Geldingadölum hefur, hefur landeigandafélag Hrauns og landeigandafélag Ísólfsskála ásamt sveitarfélaginu ráðgert að bæta aðgengi að gosstöðvunum og auka þjónustu við ferðamenn með uppbyggingu m.a. göngu- og hjólaleiða, bílastæða, þjónustuhúss salerna, og veitingaaðstöðu. Uppbyggingin mun auka öryggi og stýra umgengni um landið og vernda betur lítt raskað land yfir ágengni ferðafólks. Gert er ráð fyrir að bora eftir vatni og setja upp rotþró fyrir salernisaðstöðu og leggja þangað rafstreng og ljóðsleiðara. Meginuppbygging verður í Nátthagakrika en einnig kann að vera byggð upp þjónusta nær Suðurstrandarvegi. Gert verður deiliskipulag fyrir þá stað sem byggðir verða upp.

Einnig fjallar skipulagslýsing þessi um þrjár aðrar fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi.

Vegna breyttra aðstæðna verður gerð breyting á skilmálum í kafla 2.3.3. Veitur þar sem bætt verður við umfjöllun um ljósleiðara og hvar hann mun koma á land ásamt athafnasvæðis fyrir aðstöðuhús.

Í Grindavík er svo fyrirhugað að reisa hreinsivirki fyrir skólp frá þéttbýlinu sem fer nú óhreinsað út í sjó. Með því er verið að uppfylla skilyrði laga og reglugerða samhliða því að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu frá Grindavík. Svæðið sem fyrirhuguð hreinsistöð mun rísa er skilgreint fyrir hafnir (H3)og verður ákvæðum svæðisins breytt þannig að innan þess rúmist uppbygging hreinsistöðvar ásamt því að gera grein fyrir helstu lagnaleiðum.

Þá er einnig gerð grein fyrir breytingu á stígakerfi Grindavíkur þar sem gert er ráð fyrir nýjum gönguog reiðhjólastígum frá íbúðarsvæðum að Nesvegi og að stígur verður framlengdur meðfram Nesvegi austur að Grindavíkurvegi. Stígarnir verða byggðir þannig upp að þeir nýtist sem flóttaleiðir frá Grindavík ef til náttúruhamfara koma sem ógna íbúum og byggð. Stígarnir munu almennt bæta útivistarmöguleika íbúa.

Í breytingu aðalskipulags verða skilgreind svæði þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru heimilaðar á og nánari útfærsla þess verður í deiliskipulagi og/eða með framkvæmdaleyfi.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Skipulagssvæðið

Svæðin sem skipulagsáætlunin nær til eru fjögur (sjá mynd 2). Vegna aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulags vegna þjónustu ferðamanna við eldsumbrotasvæðið í Geldingadölum er svæðið sem um ræðir er nokkuð víðáttumikið. Svæðið tilheyrir annars vegar jörðinni Hrauni (L129179) sem hefur skráða stærð 8 ha í fasteignaskrá Þjóðskrár en hefur ekki afmörkun í landeignaskrá. Hins vegar er um að ræða breytingar aðalskipulags á jörðinni Ísólfsskála (L129189) sem skráð er 24 ha í fasteignaskrá Þjóðskrár og hefur heldur ekki afmörkun í landeignaskrá.

Engar náttúruminjar eru á svæðinu en sérstök vernd náttúrufyrirbæra er á svæðinu þar sem bæði gömul hraun og nýtt hraun er þar að finna. Svæðið er að mestu eyðimelavist (L1.1), en þar er líka m.a. að finna grasmelavist (L1.2), ljónslappakriðuvist (L3.3), mosahraunavist (L6.3) og lynghraunavist (L6.4). Hafa ber í huga nákvæmni vistgerðarkortlagningar við mat á vistgerðum svæðisins en kortlagningin miðast við nákvæmni allt að 1:25.000. Einnig hefur svæðið tekið miklum breytingum við eldsumbrotin.

MYND 1. Við uppgöngu úr Nátthaga upp á Brattháls/Langahrygg.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að sæstrengur komi á land í Mölvík en bætt verður við nýrri aðkomu fyrir sæstreng í Hraunsvík. Engar náttúruminjar eða sérstök vernd náttúrufyrirbæra er á svæðinu en það er hverfisverndað og er hluti af tillögum Umhverfisstofnunar vegna náttúruverndaráætlunar 2004-2008.

Nýtt hreinsivirki á hafnarsvæði í Grindavík og fyirhuguð uppbygging göngu- og reiðhjólastíga er þegar raskað að nokkru leyti með vegslóðum og vegna geymslusvæðis á hafnarsvæðinu en fellur undir sérstaka vernd náttúrufyrirbæra vegna forsögulegs hrauns sem þar er, Hópsneshraun, og Grindavík stendur á.

2.2 Fornminjar

Fornminjar eru þekktar á svæðinu, sérstaklega á Hópsnesinu þar sem fráveitlögn verður lögð. Gerð verður skráning á þeim svæðum á komandi sumri. Ekki eru þekktar fornminjar á hinum svæðunum.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING

3.1 Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Í gildandi landsskipulagsstefnu kemur fram eftirfarandi markmið um skipulag:

Kafli 2.4.1 Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvarðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.

Kafli 2.8.1 Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum.

Kafli 2.7.1 Skipulagsákvarðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi en taki jafnframt tillit til áhrifa á náttúru og landslag.

Kafli 3.3.2 Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfi með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun hljóðvist og loftgæði.

Breytingar á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags verða í samræmi við Landsskipulagsstefnu.

3.2 Gildandi aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032 og fyrirhugaðar breytingar

Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032 var samþykkt í desember 2020.



MYND 2. Hluti gildandi aðalskipulags. Skipulagssvæðin eru fjögur, nr. 1 er bætt aðstaða og þjónusta við ferðamenn í landi Hrauns, nr. 2 er bætt aðgengi og þjónusta í landi Ísólfsskála, nr. 3 er ný staðsetning sæstrengs/ljósleiðara , nr. 4 er breyting á hafnarsvæði vegna hreinsistöðvar í Grindavík og nr. 5 er svæðið þar sem þétting á göngu- og hjólastíganeti bæjarins er fyrirhuguð.

Svæði nr. 1 - Skipulagssvæðið fyrir ferðamannasvæðið tengt eldsumbrotunum í Geldingadölum er að mestu leyti á opnu svæði (OP4) í landi Hrauns.

Opin svæði nýtast til útivistar með almennri aðstöðu svo sem stígum og áningarstöðum auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Í kafla 2.4.2 Opin svæði (OP), töflu 22 er eftirfarandi lýsing á svæði OP4:

NR.	HEITI	STÆRÐ	LÝSING OG SÉRSKILMÁLAR
OP4	Fagradalsfjall og umhverfi	óskilgreind	Fagradalsfjall og umhverfi, vestur af Reykjanesfólksvangi. Innan svæðis og í jaðri þess eru afmarkaðir nokkrir skógræktareitir, ætlaðir til útivistar. Svæðið er á náttúruminjaskrá sjá kafla 2.5.1.

Umrætt svæði liggur utan afmarkaðs svæðis á náttúruminjaskrá sbr. kortasjá NÍ (maí. 2021).

Breyting verður gerð bæði á skipulagsuppdrætti og í greinargerð. Bætt verður við útivistarstígum og/eða göngu- og reiðhjólastígum um svæðið og að eldumbrotasvæðinu í Geldingadölum. Svæði fyrir

verslun og þjónustu verður skilgreint í Nátthagakrika og/eða við Suðurstrandarveg þar sem ráðgert er að koma upp aðstöðu fyrir umsjónaraðila og ferðamenn og mögulega veitingarekstur.

Svæði nr. 2 - Skipulagssvæðið fyrir þjónustu og ferðamannasvæði tengt eldsumbrotunum í Geldingadölum, er að mestu leyti á óbyggðu svæði í landi Ísólfsskála.

Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð utan göngu-, hjóla-, reið- og útivistarstígar eru skipulagðir og eftir atvikum stakar framkvæmdir. Með breytingunni verða skilgreindar aðkomuleiðir að gosstöðvunum, núverandi efnisnáma sverður nýtt til framkvæmdanna og eftir atvikum nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Suðurstrandarveg.

Svæði nr. 3 - Í kafla 2.3.3 Veitur, segir í undirkafla um fjarskipti að gert sé ráð fyrir landtöku ljósleiðarasæstrengs frá Evrópu og Ameríku í Mölvík og tengingu hans við ljósleiðaranet á landi.

Breyting á aðalskipulagi verður þar sem gert er ráð fyrir nýrri aðkomu sæstrengs. Breytingin felur í sér breytingar í greinargerð þar sem tilgreind verður aðkoma sæstrengs auk athafnasvæðis fyrir aðstöðuhús og varaaflstöð. Gerð verður grein fyrir mannvirkjabelti fyrir lagnir í jörðu meðfram Suðurstrandavegi.

Svæði nr. 4 – Svæðið þar sem fyrirhuguð hreinsistöð er á svæði fyrir hafnir. Í kafla 2.3.2 Hafnir er eftir farandi lýsing á svæði H2.

NR.	HEITI	STÆRÐ	LÝSING	SKILMÁLAR
H2	Eyjabakkar	Um 29 ha	Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði í umsjá hafnarstjórnar	Uppbygging hafin á svæðinu. Hluti svæðisins er deiliskipulagður. Uppbygging og skilmálar fyrir syðsta hluta Eyjabakka skal ákveða í deiliskipulagi en jafnframt skal gæta samræmis við þegar deiliskipulagða svæðið

Á svæðum fyrir hafnir og hafnarmannvirki er gert ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta og afleiddra landnýtingu.



MYND 3. Hluti gildandi aðalskipulags fyrir þéttbýlið Grindavík. Fyrirhuguð staðsetning hreinisvirkisins er innan rauðleita hringsins merkt 4.

Breyting vegna hreinsivirkisins verður eingöngu sett fram í greinargerð. Skilgreining fyrir svæði H2 fyrir hafnir. Í greinargerð verður lýsing og skilmálar á fyrirhuguðum framkvæmdum og gerð verður grein fyrir frárennslispípu til suðurs áður en hún liggur út í sjó.

Svæði nr. 5 – Í stefnu sveitarfélagsins kemur fram að efla skuli vistvæna ferðamáta með góðu neti göngu- og hjólreiðastíga milli íbúðarbyggðar, atvinnusvæða og skóla- og íþróttasvæða. Í töflu 18 í aðalskipulagi er eftirfarandi skýring á göngu- og reiðhjólastígum.

HEITI	SKÝRINGAR OG SKILMÁLAR
Göngu- og reiðhjólastígar	Samnýttir stígar fyrir gangandi og hjólandi umferð (ekki vélknúin) utan þéttbýlis. Stígar eru ofaníbornir og/eða malbikaðir, liggja m.a. með vegum og að vinsælum áningarstöðum. Hluti af þessu stígakerfi er göngu- og hjólastígur meðfram Grindavíkurvegi og Nesvegi sem og strandstígur.

Fyrirhuguð uppbygging er á svæði skilgreint sem óbggt svæði í aðalskipulagi. Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð utan göngu-, hjóla-, reið- og útivistarstígar eru skipulagðir og eftir atvikum stakar framkvæmdir.

MYND 4. Hluti gildandi aðalskipulags fyrir þéttbýlið Grindavík. Fyrirhuguð þétting göngu- og reiðhjólaleiða er innan rauðu sporöskjurnar.

Með breytingunni verður göngu- og reiðhjólastígur, sem liggur meðfram Nesvegi úr vestri, framlengdur samhliða veginum að Grindavíkurvegi. Frá íbúðarsvæðunum þar austan við er fyrirhugað að bæta að minnsta kosti tveimur stígatengingum frá íbúðarsvæðunum, frá Efstahrauni og Ásabraut. Stígarnir munu ná að Nesvegi og byggðir upp með það í huga að þeir geti nýst sem akfærar flóttaleiðir ef til rýmingar kemur í Grindavík vegna náttúruhamfara eða í öðrum neytartilvikum. Stígarnir verða almennt lokaðir fyrir slíka umferð með hindrunum t.d. slám eða öðrum útbúnaði.

3.3 Deiliskipulag

Skipulagslýsing þessi nær einnig til deiliskipulags fyrir bætta þjónustu ferðamanna í tengslum við eldsumbrotasvæðið. Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu. Í nýju deiliskipulagi verður gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja. Þar verður gerð grein fyrir aðkomu að nýju bílastæði í Nátthagakrika og nýjum verslunar og þjónustusvæðum í nágrenni Suðurstrandarvegar.

MYND 5. Horft inn Náttahagakrika þar sem fyrirhugað er að byggja upp bílastæði og þjónustuhús fyrir ferðafólk og þjónustuaðila.

4 MATSLÝSING

Þessi lýsing gerir grein fyrir fimm breytingum á aðalskipulagi, þrjár þeirra falla undir lög nr. 105/2006. Því er einnig sett fram matslýsing samkvæmt lögum nr. 105/2006 og samkvæmt skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í kaflanum er gerð grein fyrir hvernig staðið verður að umhverfismatinu og helstu áherslum matsvinnunnar.

4.1 Matsskylda áætlunarinnar

Breytingar falla undir lög nr. 105/2005 þar sem þær marka stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Framkvæmdirnar sem falla undir þennan flokk eru;

- Nýjir vegir og endurbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.07, 10.08 eða 10.09. Skolphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýttum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 100 persónueininga eða meira á verndarsvæðum, svæðum á náttúruminjaskrá eða þar sem losað er í viðkvæman viðtaka, að undanskildum þeim er tilgreind eru í flokki A, tölulið 11.04

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti.

Fyrirspurn um matsskyldu hreinsistöðvarinnar var send Skipulagsstofnun þann 30. nóvember 2020 og ákvarðaði Skipulagsstofnun þann 29. apríl 2021 að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sveitarfélagið skal ákvarða um matsskyldu framkvæmda vegna lagninga og endurbóta vega í landi Hrauns og Ísólfsskála.

4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu fyrir breytingarnar verður gerð grein fyrir tengslum og samræmis við aðrar áætlanir og stefnur í samræmi við lið a. í 6 gr. laga um umhverfismat áætlana. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla. 3.

4.3 Umhverfismatið

Matsvinnan fer fram samhliða vinnslu við gerð greinargerðar og uppdrátta til að stuðla að því að umhverfissjónarmið séu ávallt uppi við mótun tillögu að breyttu aðalskipulagi.

Í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisaðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum grunnástand umhverfis.

4.4 Valkostir

Einungis verður fjallað um breytt skipulag og það borið saman við núllkost, sem er að ekkert verður aðhafst og engin breyting á landnotkun á svæðunum. Til greina kemur að meta valkosti fyrir breytinguna en á þessu stigi liggja ekki aðrir kostir fyrir. Umhverfismatið verður nýtt til að meta hvort aðrir kostir komi til greina.

4.5 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatinu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 2 og 3 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfismatinu er að finna í töflu 2 og 3. Í umhverfismati fyrir breytinguna verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnuskjala Rangárþings ytra ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og/eða yfirlitstafla.

TAFLA 1 Umhverfisþættir og helstu matsspurningar vegna hreinsistöðvar. Lög og reglugerðir eru ekki talin upp sem viðmið þar sem stefnan skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem eru í gildi á hverjum tíma.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Ásýnd og landslag	Munu breytingin hafa áhrif á ásýnd svæða? Munu breytingin hafa sjónræn áhrif? Munu breytingin hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?
Samfélag	Munu breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?
Heilsa og öryggi	Hefur stefnan áhrif á vatns- eða loftgæði?
Landnotkun	Rýrir stefnan nýtingarmöguleika og gildi svæðisins?

TAFLA 3 Umhverfisþættir og helstu matsspurningar vegna vega í landi Hrauns og Ísólfsskála. Lög og reglugerðir eru ekki talin upp sem viðmið þar sem stefnan skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem eru í gildi á hverjum tíma.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Ásýnd og landslag	Munu breytingin hafa áhrif á ásýnd svæða? Munu breytingin hafa sjónræn áhrif? Munu breytingin hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?
Samfélag	Munu breytingin hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?
Heilsa og öryggi	Öryggi ferðamanna?
Landnotkun	Rýrir stefnan nýtingarmöguleika og gildi svæðisins?

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Kynning og samráð verður í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr.90/2013. Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Grindavíkurbæjar *http://www.grindavik.is*. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins Víkurbraut 62, Grindavík. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, fyrir auglýstan tímafrest.

5.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Heilbrigðiseftirlitið
- Aðliggjandi sveitarfélög
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Viðbragðsaðilar

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins og fagstofnana.

5.2 Samráð

Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu verða kynnt bæði íbúum/almenningi og öðrum hagsmunaaðilum.

6 SKIPULAGSFERLI

Gert er ráð fyrir að leggja fram tillögu að breyttu aðalskipulagi í einni til þremur breytingum sem verða kynntar og auglýstar í júní 2021. Tillögur að breyttu aðalskipulagi eru mis viðamiklar og því þarf ekki að vera að þær verði samtímis í gegn um lögformlegu ferli.

Tímaramminn mun vera u.þ.b. frá júní til nóvember 2021.

- Skipulags- og matslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
- Tillögur að breyttu aðalskipulagi verða kynntar (sbr.2.mgr. 30 gr. skipulagslaga) með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélags, eftir atvikum á opnu húsi áður en þær verða samþykktar til auglýsingar í skipulagsnefnd/sveitarstjórn.
- Tillaga að breytingum tekin fyrir í bæjarstjórn að undangenginni umræðu í skipulagsnefnd og endanleg tillaga samþykkt til auglýsingar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Skipulagsstofnun hefur allt að 4 vikum til að gera athugasemdir við tillögu að breyttu aðalskipulagi.
- Tillaga auglýst skv. 1. mgr. 31 gr. skipulagslaga. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
- Tillaga afgreidd í sveitarstjórn að undangenginni umræðu skipulagsnefndar með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun skv. skipulagslögum
- Gildistaka aðalskipulagsbreytinga auglýst í B- deild stjórnartíðinda.